

Einnig greiði hann stefndu, Guðbjörgu Mariu Helga-dóttur, sem hefur látið mæta í málinu og krafizt ómaks-bóta, 100 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 30. október 1946.

Nr. 84/1945. Dieseltogarar h/f (Hrl. Lárus Jóhannesson)
gegn

Guðmundi Guðmundssyni

(Hrl. Egill Sigurgeirsson).

Setudómari próf. Ísleifur Árnason
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Skaðabætur vegna brottvikningar úr stöðu.

Dómur hæstaréttar.

Máli þessu hefur áfrýjandi skotið til hæstaréttar með stefnu 11. júlí 1945. Krefst hann aðallega algerrar sýknu af kröfum stefnda í málinu, en til vara, að úrslit málsins verði látin velta á eiði framkvæmdarstjóra áfrýjanda eða til þrautavara á eiði stefnda. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar af áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Máli þessu er þannig háttað, að sumarið 1944 vantaði áfrýjanda skipstjóra á skip sitt í stað skipstjóra, sem var að láta þar af störfum. Leituðu fyrirsvarsmenn áfrýjanda þá til stefnda. Fór hann í veiðiferð á skipinu ásamt fyrra skipstóra og tók síðan við stjórn skipsins, er því var siglt til Englands með aflann. Af þessu svo og af skýrslum, er fram hafa komið í málinu, þykir mega ráða, að stefnda hafi staðið til boða, áður en skipið fór til Englands, áframhaldandi skipstjórn á því, en ósönnuð er sú staðhæfing áfrýjanda, að stefndi hafi sjálfur afsalað sér skipstjórninni að þeirri ferð lokinni. Samkvæmt því, sem hér var rakið, og að öðru

leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms þykir mega staðfesta hann.

Eftir atvikum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir hæstarétti, kr. 700.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Dieseltogarar h/f, greiði stefnda, Guðmundi Guðmundssyni, kr. 700.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 29. maí 1945.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. þ. m., hefur Guðmundur skipstjóri Guðmundsson, Bárugötu 29 hér í bæ, höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, útgefinni 18. október f. á. gegn stjórn Dieseltogara h/f hér í bæ f. h. félagsins til greiðslu kaupkröfu, að fjárhæð kr. 18000.00 með 5% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu. Þá krefst hann og þess, að viðurkenndur verði með dómi sjóveðréttur hans í skipinu Íslendingi RE 73 fyrir fjárhæðum þessum.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu, en til vara verulegrar lækkunar á kröfum stefnanda og málskostnaðar. Í greinargerð af hálfu stefnda kom og fram krafa um það, að stefnandi yrði dæmdur til sektargreiðslu fyrir óþarfa málsýfingu, en frá þeirri kröfu hefur siðar verið fallið.

Stefnandi skýrir svo frá málavöxtum:

Í ágúst mánuði f. á. kom Guðmundur Jónsson, sem þá var skipstjóri á Íslendingi og einn stjórnenda stefnda, að máli við stefnanda og fór þess á leit, að stefnandi tæki að sér skipstjórnina. Eftir nokkrar samræður fékk stefnandi tveggja klukkustunda umhugsunarfrest, og er þeir hittust aftur að honum liðnum, var stefnandi enn deigur við að taka að sér starf þetta, ef honum skyldi bjóðast annað starf betra. Bauð Guðmundur Jónsson honum þá 6 mánaða uppsagnarfrest, og tók stefnandi þá að sér starfið. Hinn 24. ágúst f. á. fór stefnandi ásamt Guðmundi Jónssyni með skipið til fiskveiða, og var bæði veiddur fiskur og keyptur í það, en síðan fór stefnandi með skipið til Englands. Hinn 22. september s. l., er skipið var komið heim aftur, var stefnanda sagt upp starfinu án fyrirvara. Telur stefnandi sig samkvæmt 2. og 3. gr.

sjómannalaganna nr. 41 frá 1930 eiga kröfur til bóta úr hendi stefnda, og telur þær eiga að nema stefnukröfunni í máli þessu.

Stefndi byggir aðalkröfu sína í fyrsta lagi á því, að stefnandi hafi verið ráðinn til þeirrar ferðar aðeins, sem lokið var 22. sept. s. l. Heldur stefndi því fram, að stefnandi hafi, áður en hann fór með skipið til Englands, af tekið með öllu, að hann vildi vera áfram skipstjóri á skipinu, þar eð það væri illa fallið til fiskveiða. Hafi þá að undirlagi Guðmundar Jónssonar verið tekið það ráð, að láta stefnanda fara í Englandsferðina, til þess að hann bæri á þann hátt sæmilega úr býtum þann tíma, sem hann væri á skipinu. Þá leggur stefndi áherzlu á það, að stefnandi var ekki skráður skipstjóri þann tíma, sem skipið var við veiðar og fiskkaup, þótt honum hafi verið greidd laun sem slíku. Stefnandi geti því eigi hafa talið sig ráðinn skipstjóra fyrr en hann fór í Englandsferðina, og hafi honum þá átt að vera það ljóst, að hann var ráðinn til hennar einnar.

Af öllum málavöxtum kemur ótvírætt fram, að stefnandi var ráðinn sem skipstjóri á Íslending. Samkvæmt 2. gr. sjómannalaganna bar honum 3 mánaða uppsagnarfrestur, væri eigi annað ákveðið með aðiljum um lengd ráðningartímans, og gegn andmælum stefnanda hefur stefndi eigi fært sönnur á fyrrgreindar staðhæfingar sínar, en sönnunarbyrðina verður að telja hvíla á stefnda. Verður aðalkrafa stefnda því eigi tekin til greina af þessum sökum.

Í annan stað hefur stefndi byggt aðalkröfu sína á því, að framkoma stefnanda í Englandsferðinni hafi verið slík, að hún hafi réttlætt fyrirvaralausan brottrekstur hans af skipinu, enda hafi skipshöfnin hótað að ganga af skipinu, ef stefnandi ætti að halda áfram stjórn þess. Gegn eindregnum mótmælum stefnanda hefur stefndi ekki fært sönnur á staðhæfingar sínar um óviðeigandi framkomu stefnanda í starfi hans, enda njóta þær lítillar stoðar í framburði þeirra skipverja, sem komið hafa fyrir dóm í málinu. Verður aðalkrafa stefnda, byggð á þessum rökum, því eigi tekin til greina.

Samkvæmt framanrituðu verður stefnandi talinn eiga rétt til bóta úr hendi stefnda, og verður því næst fyrir að taka til athugunar fjárhæð bótanna, og verður varakrafa stefnda tekin til meðferðar jafnframt. Stefnandi hefur sundurliðað tjón sitt sem hér segir:

1. Kaup í 3 mánuði. Samkvæmt samningum um kaup og kjör skipstjóra skal mánaðarkaup nema kr. 700.00 um mánuð hvern, en með verðlagsuppbót, miðaðri við vísitölu 173, nemur kaupið kr. 1911.00 á mánuði og því samtals kr. 5733.00.

2. Áhættubókun, er nemur kr. 42.00 á dag þann tíma, sem skipið er í förum milli landa, og áætlað stefnandi hana kr. 1764.00 um þetta tímabil.

3. Fæðispeningar í 3 mánuði á kr. 350.00, samtals kr. 1050.00.

4. Samkvæmt samningum um áhættubóknun skal auk áður-greindra dagpeninga greiða skipstjóra 2% af brúttó-söluverði afla eða farms. Telst stefnanda svo til, að í október f. á. hafi Íslendingur selt fyrir £ 7141—0—0, í nóvember fyrir £ 7252—0—0 og í desember fyrir £ 7240—0—0. Kveðst hann því eiga þóknun, sem nemi kr. 3744.74 + kr. 3802.94 + kr. 3891.04, eða samtals kr. 11438.72.

Samtals verði þessir fjórir liðir kr. 20075.72, og telur hann sig því hafa stíllt í hóf stefnukröfunni.

Um 1. Stefndi hefur ekki, að því er séð verður, hreyft sérstök-um andmælum við þessum kröfulið, og verður hann því tekinn til greina óbreyttur.

Um 2. Stefndi hefur andmælt því, að sér geti borið að greiða stefnanda þetta fé, þar eð áhættubóknun sé þess eðlis, að sá einn eigi að verða hennar aðnjótandi, sem hættir lifi sínu á sjónum. Á þetta verður ekki fallið, þar eð þessa þóknun verður að telja til tjóns þess, er stefnandi hefur hlotið af brottvikningunni, þar eð hún hefði fallið til hans að öðrum kosti. Hins vegar hefur stefndi lýst því yfir, að á því tímabili, sem hér skiptir máli, hafi skipstjóra Íslendings verið greiddar kr. 1050.00 í þessa þóknun, og þar eð stefnandi hefur ekki sannað tjón sitt samkvæmt þessum lið meira, verður sú fjárhæð dæmd honum.

Um 3. Stefndi hefur ekki mótmælt fjárhæð þessari sérstaklega og verður liðurinn því tekinn til greina óbreyttur, enda styðst hann við fyrrgreindan samning um kaup og kjör skipstjóra.

Um 4. Stefndi hefur mótmælt þessum lið sem of háum og talið þar fyrst til, að hinn fasti skipstjóri sigli yfirleitt ekki með farminn til sölu í Bretlandi, heldur sé í landi á meðan, en sá, er sigli skipinu um hættusvæðið, taki þóknun þessa, enda sé hún bundin við það, að hann leggi lif sitt í hættu. Með tilvísan til þess, er um þetta atriði var sagt undir 2. lið hér að framan, verður þessari mótbáru ekki sinnt, enda er ekki gegn mómælum stefnanda unnt að telja í i ljós leitt nokkuð það, er sanni, að slík tilhögun hafi átt að gilda um starf stefnanda hjá stefnda.

Þá hefur stefndi og upplýst, að fyrri tvær tölurnar í þessum kröfulið séu hærri en raunveruleg greiðsla til skipstjórans nam, og hafi honum verið greiddar af októbersölunni kr. 3726.01, en af nóvembersölunni kr. 3784.20, og verða þessar tölur lagðar til grundvallar, þar eð stefnandi hefur eigi fært sönnur á meira tjón sitt. Síðasta talan, kr. 3891.04, hefur sætt sérstökum mótmælum á þeim grundvelli, að sala farmsins fór ekki fram fyrr en nokkrum dögum eftir 21. desember f. á., en eftir þann dag telur stefndi ekki, að stefnandi geti átt frekari kröfur á hendur sér, þar eð þá hafi verið á enda 3 mánuðir frá því, að stefnandi fór úr skipsrúmi. Með hliðsjón af fyrirmælum 8. gr. sjómannalaganna þykir ekki verða hjá því komið að dæma stefnanda hluta þessarar fjárhæðar, og

þykir hæfilegt að ætla honum helming hennar, eða kr. 1945.52. Samkvæmt framanrituðu verða bætur stefnanda eftir þessum lið kr. 9455.73.

Málinu lýkur því svo, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 5733.00 + 1050.00 + 1050.00 + 9455.73, eða samtals kr. 17288.73 með vöxtum, eins og krafizt var, svo og málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 1500.00.

Þá verður einnig tekin til greina krafa stefnanda um sjóveðrétt í skipinu Íslendingi, enda á hún stoð í lögum.

Í dóminum áttu sæti Einar Arnalds, settur borgardómari, og með-dómsmennirnir Jón Axel Pétursson hafnsögumaður og Þorsteinn Þorsteinsson hagstofustjóri.

Þvi dæmist rétt vera:

Stefndi, Dieseltogarar h/f, greiði stefnanda, Guðmundi Guðmundssyni, kr. 17288.73 með 5% ársvöxtum frá 18. október 1944 til greiðsludags og kr. 1500.00 í málskostnað. Á stefnandi sjóveðrétt í m/s Íslendingi RE 73 til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 1. nóvember 1946.

Nr. 128/1945. **Lárus P. Blöndal** (Hrl. Einar B. Guðmundsson) gegn

H/f Björgvin (Hrl. Lárus Fjaldsted).

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson og hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Kaupkröfu hrundið. Tómlætisverkun.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 27. sept. 1945 skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 15. október s. á. Krefst hann þess aðallega, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 16140.00, til vara kr. 8640.00 og til þrautavara aðra fjárhæð eftir mati dómsins. Svo krefst hann og 6% ársvaxta af fjárhæð þeirri, sem dæmd kynni að verða,